

PRIME MINISTER  
ICELAND


Reykjavík, 16. júlí 2014

Ríkisstjórnin er jákvæð gagnvart starfsemi Valorku ehf. á sviði sjávarorkunýtingar. Sjávarorka við strendur Íslands er endurnýjanleg og hrein orkulind sem rannsökuð hefur verið að takmörkuð leyti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Íslands eru sett fram stefnumið um eflingu nýsköpunar og grænnar starfsemi og að Ísland verði í fararbroddi á sviði sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Fellur nýting sjávarorku vel að þessum stefnumiðum.

Valorka ehf. hefur sýnt einstakt framtak með verkefnum sínum á sviði sjávarorkunýtingar og sýnt hverju hugvit getur áorkað. Þannig hefur félagið tryggt fyrsta einkaleyfi íslensks hverfils, hafið prófanir á sjávarfallahverflum hérlandis, auk þess sem forsvarsmaður félagsins hlaut gullverðlaun Alþjóðasamtaka hugvitsmannafélaga árið 2011 og viðurkenningu á uppfinningasýningu í Bandaríkjunum nýlega. Þá hefur félagið komið á fót gagnasafni á sviði sjávarorku og bent á þörf þess að rannsóknir verði hafnar á nýtingu sjávarorku við strendur landsins.

Ríkisstjórnin fagnar árangri Valorku ehf. og telur mikilvægt að greind séu sóknarfæri sem kunna að liggja í nýtingu sjávarorku og þar með ný tækifæri til verðmætasköpunar. Í samræmi við það ályktaði Alþingi þann 16. maí sl. að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að hefja vinnu við mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við strendur Íslands með það að markmiði að greina hagkvæmustu nýtingarkosti til framtíðar. Jafnframt er ætlunin að lögð verði drög að uppbyggingu gagnagrunns um nýtingu sjávarorku.

Ríkisstjórnin fagnar frumkvæði Valorku ehf. og væntir þess að frekari skref félagsins á þessu sviði skili þeim árangri sem að er stefnt og skapi ný tækifæri til verðmætasköpunar.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson